

Starfsáætlun fjarnámsstofu í Húnaþingi vestra 2025-2028

Sólveig H. Benjamínsdóttir

Forstöðumaður safna í Húnaþingi vestra

Fjarnámsstofa

Umsjónarmaður: Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir

Fjarnámsstofa Húnaþings vestra opnaði þann 26. ágúst 2004 og allar götur síðan hefur hún verið mikið nýtt til próftöku. Nemendur geta einnig fengið leigða lykla að henni og lært þar í friði og ró. Fjarnámsstofan er staðsett á efri hæð Höfðabrautar 6, beint fyrir ofan bóka- og skjalasafnið. Fjarnámsstofur eru reknar víðast hvar á Norðurlandi vestra, Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og í Skagafirði. Umsjónarmaður fjarnámsstofu er Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir í 25% starfshlutfalli.

Ekki er aðgengi að fjarnámsstofunni fyrir fatlaða eða hreyfihamlaða, þótt allir eigi að eiga jafnan rétt á menntun og fræðslu í Húnaþingi vestra. Umsjónarmaður fjarnámsstofu og forstöðumaður safna hafa ítrekað bent á þetta vandamál en ekkert hefur verið að gert. Það er mikilvægt að þessu sé kippt í liðinn hið snarasta þar sem nú færist aftur í aukana eftir covid að próf séu tekin á fjarnámsstofunni líkt og meðfylgjandi tafla sýnir.

Yfirlit yfir próftöku frá 2017 - 2023

Skóli	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017
HA	45	40	18	10	26	29	26
HÍ	15	9	1	2	14	15	0
Bifröst	0	1	0	2	9	11	5
ME	0	0	0	0	3	2	3
LBHÍ	3	14	2	6	5	2	1
HR	1	1	0	0	5	5	2
FNV	0	0	2	0	23	15	10
VMA	0	10	12	2	3	12	5
MA	2	0	0	0	0	0	0
FÁ	10	5	4	0	0	4	8
Keilir	0	0	0	0	1	0	0
VR	0	0	0	0	0	7	5
SKVH	0	0	0	0	0	6	3
MB	0	0	0	6	9	11	0

Hólar	0	0	0	0	0	0	2
Tækniskólinn	0	1	0	0	0	0	0
Iðan	0	0	0	0	0	0	1
Versló	1	0	0	0	0	0	0
Samtals	78	81	39	28	98	119	71

Árið 2023 var einnig tekin saman notkun fjarnámsstofunnar á milli kynja. Um fjölda nemenda er að ræða.

	2023
Konur	26
Karlar	1
Kvár	0

Verkefni ársins 2024-2025

Árið 2024 hélt fjarnámsstofan áfram að bjóða upp á góða aðstöðu til náms og próftöku. Nemendur voru, líkt og fyrri ár, duglegir við að nýta sér aðstöðuna og möguleikann á því að taka próf í heimabyggð. Árið 2024 voru tveir nemendur sem nýttur sér þann möguleika að fá leigðan lykil af fjarnámsstofunni og hafa aðgang að henni þegar þeim hentar, svo lengi sem ekki er verið að nota stofuna fyrir próf eða námskeið. Árið 2024 var keyptur inn nýr prentari sem nýtist fjarnámsstofunni til útprentunar á auglýsingum, t.d. þegar auglýsa þarf námskeið sem haldin eru í stofunni. Nú er hægt að prenta út auglýsingar í góðri stærð án þess að fara þurfi að fara á milli húsa og á aðra stofnun sveitarfélagsins.

- Bæta þarf úr brunavörnum á fjarnámsstofunni og liggur á að svo sé gert árið 2025.
- Stóla og borð þarf að endurnýja á fjarnámsstofunni. Í prófatíð þarf umsjónarmaður fjarnámsstofu að sitja yfir nemendum í prófum og þurfa aðstæður að vera góðar. Í háannatíð fara heilu vinnudagarnir í yfirsetu og þarf því góðan stól. Einnig þarf að endurnýja skrifborð og skrifborðsstóla fyrir fyrir nemendur. Óskað er eftir því að bæta inn lykli 2852 og áætlað á hann 200.000 fyrir nýjum stólum og borðum.

Framtíðarsýn til 2028

Áætlað er að halda áfram starfsmi fjarnámsstofunnar og að bjóða upp á góða aðstöðu til náms og próftöku í Húnaþingi vestra. Mikilvægt er að aðgengismál verði löguð og að fjarnámsstofan sé aðgengileg öllum íbúum svæðisins.